



348. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 7. desember 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Elsa Nielsen.

Forföll: Hjördís Guðmundsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí, skv. samantekt sem liggur fyrir fundinum.

2. Fjármál

Forseti skýrði frá þeirri ánægjulegu tilkynningu frá Íslenskri getsþá um greiðslu aukaarðgreiðslu til eignaraðila. Hlutur ÍSí er 140 milljónir króna og renna 50% af því til viðhalds- og byggingarsjóðs ÍSí, skv. samþykkt Íþróttáþings ÍSí 2023.

Sent var bréf til fjárlaganefndar um aukningu í ferðasjóð íþróttafélaga, ríkisstyrk til sérsambanda og Afrekssjóð ÍSí. Einnig var vakin athygli á að ÍSí hefur ekki fengið hækkun á rekstrarstyrk til margra ára.

Samþykkt að senda út upplýsingapóst til sambandsaðila um þau málefni sem standa upp úr þessa dagana, m.a. þetta bréf til fjárlaganefndar.

Hörður rifjaði upp kynningu sem hann hélt á Formannafundi ÍSí varðandi úthlutun á lottó. Kallað var eftir athugasemdum frá sambandsaðilum og hafa tvær borist. Málið er nú í skoðun og verða tillögur lagðar fyrir framkvæmdastjórn í byrjun janúar.

3. Erindi sem borist hafa

Eftirfarandi erindi sem borist hafa framkvæmdastjórn ÍSí lögð fram og kynnt:

- Bréf SÍL vegna tillagna um matsaðferðir á lottóúthlutun til sérsambanda. Vísað til fjármálaráðs ÍSí til umfjöllunar.
- Bréf GLÍ vegna niðurlagnar glímudeildar. Búið er að óska eftir fundi með GLÍ vegna málsins.
- Bréf HSP vegna málefna aðildarfélags. Skrifstofu falið að gera drög að svari í samráði við laganeftnd ÍSí.

4. Svæðaskrifstofur ÍSí og UMFÍ

Forseti fór yfir stöðu mála. Stefnt er að undirritun samnings við ráðuneytið í næstu viku. Búið er að vinna fyrstu drög að samningnum og voru þau kynnt. Málið er stórt og víðfeðmt og vanda þarf til verka.

Samþykkt að veita forseta heimild til að undirrita samkomulag við ráðneyti, sbr. þau drög sem liggja fyrir.

Rætt um stýringu og stjórnun verkefnisins og húsnæðismál.

Búið er að kalla eftir tilnefningum í tenglaráð vegna verkefnisins (ekki fulltrúar í stjórnnum ÍSÍ og UMFÍ).

5. Formannafundur ÍSÍ 2023

Formannafundur ÍSÍ gekk vel og var mæting á fundinn góð. Einnig var vel mætt á kynningarnar sem voru fluttar á undan fundinum.

6. Íþróttamaður ársins 2023

Andri skýrði frá stöðu mála. Viðburðurinn verður að þessu sinni á Hótel Hilton Nordica 4. janúar nk. Samþykkt að breyta fyrirkomulagi viðburðarins og hafa standandi fyrirkomulag á hluta ÍSÍ. Boðið verður upp á smáréttahlaðborð. Í hluta Samtaka íþróttafréttamanna verður ráðstefnuuppröðun, þ.e. stólaraðir en ekki borð.

7. Íþróttældhugi ársins

Þórey Edda Elísdóttir fer fyrir störfum valnefndarinnar um verkefnið. Búið er að fara yfir tilnefningarnar og fækka niður í 30-40 nöfn. Eins og í fyrra þá verða þrjár tilnefndir í byrjun og svo einn einstaklingur af þeim þremur útnefndur íþróttældhugi ársins 2023. Tilkynnt verður um útnefninguna á hófi íþróttamanns ársins.

8. Samþykkt Sambandsþings UMFÍ

Lagt fram bréf frá UMFÍ þar sem komið er á framfæri samþykkt Sambandsþings UMFÍ í október sl. um þakkir til ÍSÍ, stjórnar og starfsfólks, fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Sérstakar þakkir eru færðar fyrir góðar móttökur í nýjum höfuðstöðvum UMFÍ að Engjavegi. Einnig er ÍSÍ færðar sérstakar þakkir fyrir samstarfsverkefnið Allir með – Farsælt samfélag fyrir öll – brúum bilið.

9. Starfsreglur stjórnar

Forseti kynnti drög að starfsreglum framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem unnin voru í samráði við Helgu Hlín Hákonardóttur lögfræðing. Hann hvatti framkvæmdastjórn til að lesa drögin vel en málið verður aftur tekið fyrir á næsta fundi.

10. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ kynnti tillögu ráðsins um útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ. Samþykkt að útnefna Sigrúnu Huld Hrafnadóttur sundkonu úr röðum fatlaðra næsta inn í Heiðurshöllina. Útnefningin verður tilkynnt á hófi íþróttamanns ársins 4. janúar nk. í beinni útsendingu RÚV.

Ítrekað var við framkvæmdastjórn að útnefningin er algert trúnaðarmál þar til útnefningin verður tilkynnt.

11. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- Fundur laganefndar ÍSÍ frá 6. desember 2023. **Tillögur laganefndar ÍSÍ um afgreiðslu erinda voru allar samþykktar.**
- Fundur Heiðursráðs ÍSÍ frá 29. nóvember 2023.

12. Viðburðir framundan

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

13. Næstu fundir

Kallað verður til aukafundar vegna úthlutunar úr Afrekssjóði ÍSÍ í kringum 20. desember nk. Sá fundur verður væntanlega rafrænn.

14. Önnur mál

Símafundur með forseta IOC, 7. desember sl.

Forseti og framkvæmdastjóri sátu símafund með forseta IOC með ólympíunefndum, 7. desember sl. Þar var farið yfir stöðu mála varðandi þátttöku Rússa og Belarúsa á Ólympíuleikunum. Samþykkt var að heimila þeim þátttöku með ströngum skilyrðum, m.a. að viðkomandi keppi undir hlutlausum fána.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari